

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþing eystra  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 23. maí 2017  
UST201704-036/K.S.J.  
10.04.02

## Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 – 2024, í landi Rauðsbakka

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 7. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra í landi Rauðsbakka.


### Skipulagssvæðið


Áætlað er að breyta landnotkun á 5,7 ha svæði í landi Rauðsbakka úr landbúnaðarlandi í svæði fyrir verslun og þjónustu. Jörðin Rauðsbakki er staðsett undir Eyjafjöllum. Leiravegur liggur meðfram jörðinni og tengir bæinn við Suðurlandsveg.

### Landnotkun

Áætlað er skv. lýsingu að breyta landnotkun á svæði sem er nokkuð langt frá bæjarhúsum er tilheyra Rauðsbakka. Umhverfisstofnun bendir á að með staðsetningu gistirýma nærri bæjarhúsum mynda hús á jörðinni eina heild, en með því að svæði fyrir verslun og þjónustu er áætlað langt frá bæjarhúsum er verið að skerða gott landbúnaðarland sem er ekki í samræmi við stefnu landsskipulags. Að mati stofnunarinnar verða einnig minni sjónræn áhrif af uppbyggingu ef hún er áætluð í grennd við bæjarhús.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur